

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Leirár- og Melahreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## 6. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

## 7. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

## 8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs., sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Norðurorku fyrir heitt vatn.

## 1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

## 2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 95.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Norðurorka ákveður mælistærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir.

Fast gjald fyrir hvern mæli:

15 mm	26,95 kr./dag
20 mm	64,90 kr./dag
25 mm	130,35 kr./dag
32 mm	260,70 kr./dag
40 mm	521,40 kr./dag
50 mm	1.042,80 kr./dag

Innheimtugjald:

Lokunargjald	1.383 kr.
Mælaálestrargjald	806 kr.
Seðilgjald	150 kr.

Á þessi gjöld leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 27/1998, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, þar sem landnotkun er verslun og þjónusta, breytist í verslun og þjónusta, opinber stofnun og íbúðir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 11. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*